

Sp. 67. Tillaga til þingsályktunar [60. mál]

um rannsókn vegarstæðis milli landsfjórðunga.

Flm.: Vilhjálmur Hjálmarsson, Halldór Ásgrímsson.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að láta fara fram athugun á vegarstæði yfir hálendið milli Austur- og Norðurlandsins og Suðurlands.

Greinargerð.

Ferðir á bifreiðum inn á öræfin hafa mjög færzt í vöxt hin síðari ár. Nokkru fé hefur þegar verið varið til lagfæringa hér og þar, en þó raunar aðeins smáupphæðum, enda verkefni ærin við þá vegi, er telja má að beinlínis þjóni framleiðsluatvinnuvegum landsmanna. Það er fyrst og fremst skemmtiferðafólk úr þéttbýlinu, sem farið hefur öræfaleiðir til þessa. Er öræfaferðirnar og þekking sú, sem þegar er fyrir hendi á staðháttum inni á hálendinu, hefur leitt hugi manna að þeim möguleika að opna leiðir milli landsfjórðunga um þessar slóðir, styttri miklu en þær, sem nú eru farnar. Væri vissulega æskilegt, ef fé það, sem á næstunni kann á þennan hátt að verða varið til að greiða götu skemmtiferðafólks, kæmi þeim einnig að nokkru gagni, er ferðast þurfa annarra erinda milli fjarlæggra landshluta. En meiri háttar fjárveiting kæmi fyrst til greina, þegar lengra er komið en nú er að sinna lagningu nauðsynlegra framleiðsluvega í byggðum landsins. Ökuleiðin milli höfuðstaðar og Austurlandsins, sú sem nú er farin, er svo löng, að full ástæða er til að gera þá athugun, er þingsályktunartillagan fjallar um.